

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Forsíðumyndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson af starfsmönnum sem starfa á Vélaverkstæði Gríms ehf. á Húsavík.

Á myndinni er Dagbjartur Sigtryggsson ásamt Daniel Jónssyni eldri og Daniel jónssyni yngri

Félagar í Þingið athugið

Búið er að senda út kjörgögn til félagsmanna þar sem félagið hefur ákveðið að viðhafa póstatkvæðagreiðslu um samninginn. Samningurinn var kynntur á félagsfundi miðvikudaginn 27. febrúar. Þá er einnig búið að senda út kjarasamninginn og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem er hluti af samningnum. Hér með er skorað á félagsmenn Þingið að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Hægt verður að kjósa til föstudagsins 7. mars kl. 17:00 en þá þurfa kjörseðlar að hafa borist Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi. Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 0:08 til 17:00. Vanti félagsmenn frekari upplýsingar er þeim bent á að hafa samband við Skrifstofu félagsins. Það á einnig við um þá sem telja sig hafa atkvæðisrétt en hafa ekki fengið kjörgögn í hendur. Helstu hækkar iðnaðarmanna eru eftirfarandi, að öðru leiti vísast í kjörgögn sem iðnaðarmenn hafa þegar fengið í hendur.

Kaupstaxtar

Töluvert mikil uppstokkun er á kaupstaxtakerfinu en kaupstaxtarinn

munu hækka um kr. 21.000 við undirskrift, kr. 17.500 1.mars árið 2009 og kr. 10.500 1.janúar árið 2010. Fimm ára kauptaxtinn endar í kr. 254.000 við lok samningstímans. Þá hefur verið samið um nýjan millilaunaflokk fyrir iðnaðarmenn með viðurkenningu á starfsréttindum erlendis frá og nýjan launaflokk iðnaðarmanna með 5 ára sveinspróf og meistararéttindi.

Launapróunartrygging

Meginuppistaðan í samningnum er 5,5% launapróunartrygging sem gildir frá 1.febrúar 2008, 3,5% launapróunartrygging 1.mars á næsta ári og 2,5% almenn hækkun 1.janúar árið 2010. Launapróunartrygging felur í sér að tímabilið frá 2. janúar 2007 til 1.febrúar 2008 er skoðað og þær launahækkar sem starfsmaðurinn hefur fengið á tímabilinu dragast frá 5,5% hækkuninni. Þannig fær einstaklingur sem ekki hefur fengið neina launahækkun á þessu tímabili hækkunina að fullu en hafi hann fengið t.d. 2% hækkun á tímabilinu þá fær hann 3,5% hækkun við undirritun þar sem 2% dragast frá.



Grímur ehf. rekur mjög öflugt vélaverkstæði á Húsavík og hefur á að skipa mjög reyndum starfsmönnum sem eru færir til flestra verka. Hér eru þeir Daniel Jónsson og Júlíus Bessason milli verka en þeir starfa hjá fyrirtækinu ásamt bátt í tuttugu öðrum starfsmönnum.

ÚTGEFENDUR: Þingið, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verslunarmannafélag Húsavíkur. Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@vh.is • Heimasíða: www.vh.is • ÁBYRGÐARMAÐUR: Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað 12. Desember 2007 og gefið út í 2000 eintökum.

HÖNNUN OG PRENTUN: Örkin, Húsavík.

Um 21% erlendir starfsmenn

Kjörstjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis kom saman til fundar síðasta laugardag. Í kjörstjórn sitja: Jónína Hermannsdóttir formaður, Þórður Adamsson og Svala Björgvinsdóttir. Á fundinum var farið yfir kjörgögn sem stjórnin samþykkti að senda út til þeirra félagsmanna sem hafa rétt til að greiða atkvæði um kjarasamninginn. Þá samþykkti kjörstjórnin að atkvæðagreiðsla um samninginn standi yfir frá kl. 17:00 sunnudaginn 25. febrúar til

kl. 17:00 föstudaginn 7. mars. Rétt um 1800 launþegar eru greiddendur til Verkalýðsfélagsins. Alls hafa 635 félagsmenn rétt til að kjósa um kjarasamning Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands sem undirritaður var 17. febrúar. Þar af eru 21,4% erlendir starfsmenn sem starfa á félagssvæði Verkalýðsfélagsins. Þessi fjöldi hefur aldrei verið hærri í sögu félagsins og hefur aukist hratt milli ára.



Kjörstjórn VHN á fundi um síðustu helgi. Gengið var frá kjörgögnum sem félagsmenn eiga nú að hafa fengið í hendur. Athygli vekur að 21% þeirra sem hafa atkvæðisrétt eru erlendir starfsmenn.

Nýr bátur til Húsavíkur

Óskar Karlsson og fjölskylda eiga heiður skilinn fyrir framlag þeirra til atvinnamála á Húsavík í gegnum tíðina en þau reka í dag útgerðarfélagið Flóka ehf. Þau hafa nú fest kaup á nýjum bát sem kom til heimahafnar um síðustu

helgi. Báturinn, sem ber nafnið Hera PH 60 er 229 brúttótonna stálbátur, smíðaður í Noregi 1962. Hera PH verður gerð út á dragnót. Stéttarfélagin óska útgerð Heru PH til hamingju með nýja bátinn.



Gott framtak hjá Haffa!

Hafþór Hreiðarsson áhuga-ljósmyndari og fréttaritari Morgunblaðsins hefur opnað heimasíðu með fréttatengdu efni frá Húsavík og nærsveitum. Svo má

ekki gleyma því að Haffi heldur með Newcastle í enska boltanum sem tapaði stórt um helgina. Við skorum á fólk að skoða heimasíðuna hjá Haffa sem ber nafnið www.640.is

Sumarferð til Þýskalands

Örfá sæti laus í sumarferð stéttarfélaganna til Þýskalands 31. júlí til 10. ágúst. Skráðu þig strax ef þú hefur áhuga á að komast í ferðina. Orlofsnefnd stéttarfélaganna

Stéttarfélagin
í Þingeyjarsýslum



Skrifstofa stéttarfélaganna | Garðarsbraut 26 | 640 Húsavík | Sími: 464 6600 | Fax: 464 6601 | www.vh.is

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis

Ágæti félagsmaður

Þann 17. febrúar var nýr kjarasamningur undirritaður milli Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands sem Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis er aðili að. Samningurinn nær til starfsmanna fyrirtækja á almenna vinnumarkaðinum en ekki til starfsmanna sveitarfélaga og ríkisins. Samningar tókust eftir nær fimm mánaða vinnu og þref við Samtök atvinnulífsins. Þar sem samningurinn er gerður í skugga hárrar verðbólgu og vaxandi erfiðleika í efnahagsmálum, telja samningsaðilar að náðst hafi ásættanlegur árangur í flestum atriðum. Ljóst er að lengra var ekki hægt að komast án átaka. Verkalýðsfélagið skorar á félagsmenn að kynna sér vel innihald kjarasamningsins og bendir á að þegar er búið að senda öllum þeim sem hafa atkvæðisrétt kjörgögn með helstu upplýsingum um samninginn. Hér koma nokkur atriði til viðbótar. Félagið biður félagsmenn um að kynna sér vandlega þau atriði sem samið var um áður en þeir taka afstöðu.

Helstu ávinningar samningsins eru eftirfarandi:

- Launataxtar hækka á bilinu 24-32% á samningstímanum. Launataxtar verkafólks hækka um 38.000 kr., þar af um kr. 18.000,- við undirskrift.
- Lágmarkstekjur fyrir fullt starf á mánuði hækka um 32%.
- Samið er um launapróunartryggingu sem tryggir að allir fái á samningstímanum ákveðnar lágmarks launahækkunar.
- Með hækkanði launatölum taxta hækkar öryggisnet þeirra sem eru með laun sem liggja utan taxtakervis kjarasamninganna.

- Forsenduákvæði kjarasamningsins tryggja að standist hann ekki forsundur um kaupmátt og hjöðnun verðbólgu er hægt að segja samningnum upp eða framlengja eila.
- Ný ákvæði koma inn í kjarasamninga um viðurkenningu á áunnum réttindum vegna starfa erlendis.
- Umtalsverðar hækkanir verða á tryggingafjárhæðum í slysa-tryggingum launafólks
- Mikill árangur náðist varðandi lengingu orlofs. Orlofsávinnsla er nú hraðari en áður og hámarksorlof lengist úr 28 dögum í 30 daga á samningstímanum.
- Réttur foreldra til fjarveru á launum vegna veikinda barna er bættur.
- Starfsmannaviðtöl á vinnustað þínum geta hjálpað þér að fá viðtöl um launakjör þín.
- Lagður er grunnur að áframhaldandi uppbyggingu menntunar félagsmanna með auknum réttindum til að sækja námskeið, hækkan fræðslu-sjóðsgjald atvinnurekenda og sérstöku framlagi stjórnvalda sem nemur 300 milljónum króna.
- Af hálfu stjórnvalda komu aðgerðir í skattamálum, hækkan skattleysismarka og barnabóta auk rýmkunar á eignatengingu vaxtabóta til með að hafa mikil áhrif á ráðstöfunartekjur launafólks.

Helsta markmið þessa kjarasamnings er að verja kaupmátt og tryggja stöðugleika. Við vonumst til að þegar þú hefur kynnt þér samninginn takir þú þátt í atkvæðagreiðslunni og sýnir afstöðu þína til samningsins.

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis

Atkvæðagreiðsla hafin um nýgerðan kjarasamning

Póstatkvæðagreiðsla um nýgerðan kjarasamning er hafin hjá Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis og eru félagsmenn hvattir til að nýta sér atkvæðisréttinn með því að taka þátt í afgreiðslu samningsins. Atkvæðaseðlum á að skila til Skrifstofu stéttarfélaganna

eða á næsta pósthús. Atkvæði þurfa að hafa borist fyrir kl. 17:00 föstudaginn 7. mars 2008. Taling fer fram þegar kjörstað hefur verið lokað og verða niðurstöður birtar á heimasíðu félagsins www.vh.is kl. 16:00 þann 10. mars.

Vantar þig kjörgögn!

Nú stendur yfir póstatkvæðagreiðsla um nýgerðan kjarasamning Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands sem verkalýðsfélagið er aðili að. Búið er að senda út kjörgögn til félagsmanna. Þeir félagsmenn sem telja sig hafa kjörgengi og ekki hafa fengið

kjörgögn eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna sem fyrst. Rétt er að taka fram að starfsmenn sveitarfélaga og ríkisins hafa ekki kjörgengi þar sem þeir starfa ekki eftir þessum samningi.

Kjörgögn komin til félagsmanna

Nú eiga þeir félagsmenn sem hafa kjörgengi og starfa eftir kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands að hafa fengið atkvæðaseðil sendan til sín í pósti með ítarlegum kjörgögnum. Félagsmönnum er velkomið að hafa samband ef frekari upplýsinga er þörf.

Matur, vinna og hollusta

Þekkingarsetur Þingeyinga stendur nú á vorönn fyrir námskeiði sem er sérsniðið fyrir starfsfólk mótuneyta. Námskeiðið nefnist matur, vinna og hollusta og skiptist í 6 hluta; sjálfstyrkingu, réttindi og skyldur, skipulögð vinnubrögð, líkamsbeitingu, meðhöndlun matvæla og hreinlæti og frágang og geymslu matvæla. Markmið námskeiðsins er að starfsfólk eflist í starfi sínu m.a. með því að öðlast betri þekkingu í meðferð matvæla. Námskeiðið er kennt í húsnæði Framhaldsskólans á Laugum og er 30 kennslustundir. Flestir sem eru á námskeiðinu eru félagsmenn í Verkalýðsfélagi

Húsavíkur og nágrennis og eru auk þess starfandi í mótuneytum á svæðinu. Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis styrkir félagsmenn myndarlega í gegnum fræðslusjóði sem félagið á aðild að. Námskeiðið hófst síðasta laugardag en þá fjallaði Snæbjörn Sigurðarson, starfsmaður Skrifstofu stéttarfélaganna um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Þetta er enn eitt dæmið um þá miklu samvinnu sem er á milli stéttarfélaganna á svæðinu og Þekkingarseturs Þingeyinga í uppbyggingu námskeiðahalds á svæðinu.



Kosning hafin um nýjan kjarasamning. Fyrstur til að kjósa var Wojciech Szezepean Malich sem er pólskur verkamaður sem starfar í byggingariðnaði.



Ábúgasamir nemendur hlýða á Snæbjörn Sigurðarson starfsmann stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum fjalla um vinnurétt og starfsemi stéttarfélaganna.

Viðgerðir og viðhald húsa - námskeið fyrir iðnaðarmenn -

Pingið stendur fyrir námskeiði fyrir félagsmenn föstudaginn 11. apríl og laugardaginn 12. apríl í samstarfi við fræðslusetrið lðuna. Kennt verður frá kl. 13:00 til 20:00 á föstudeginum og frá kl. 09:00 til 16:00 á laugardegnum. Námskeiðið sem er 20 kennslustundir fer fram í fundarsal stéttarfélaganna á Húsavík. Kennarar á námskeiðinu verða Jón Sigurjónsson, verkfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Björn Marteinsson, arkitekt hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Á námskeiðinu verður fjallað um viðhaldsmarkaðinn eins og hann er í dag. Farið verður yfir málmteirar og tæringarvarnir. Kynntar verða mismunandi gerðir útveggja og þaka. Á námskeiðinu verður einnig fjallað um verndun timburs og

steins. Farið verður yfir viðhald og endurnýjun timbur- og steinveggja, gluggaviðgerðir og endurbætur eldri glugga. Þá fá þátttakendur góða innsýn inn í viðhaldsmarkaðinn eins og hann er í dag. Jafnframt því að fá góða vitneskju um hvernig staðið skuli að viðgerðum og viðhaldi stein- og timburhúsa auk gluggaviðgerða. Námskeiðsgjald fyrir félagsmenn Pingiðnar er kr. 3.000,-. Aðrir sem ekki eru aðilar að fræðslusetri iðnaðarmanna og Pingiðnar þurfa að greiða kr. 24.000,-. Skráning á námskeiðið er á Skrifstofu stéttarfélaganna til 15. mars. Félagar, munið að það er mjög áriðandi fyrir okkur að fá fagnámskeið heim í hérað, þess vegna er mikilvægt að iðnaðarmenn skrái sig þegar í stað á námskeiðið.



2. kl. 10:15-12:00 Skyndihjálpi. (Ingólfur Freysson) dyravarða og lögreglu. (Sigurður Brynjúlfsson)
6. kl. 16:00-17:20 Valdbeiting / Sjálfsvörn. (Jón Óðinn Óðinsson)
7. kl. 17:20 Námskeiðsslit. Afhending viðurkenninga.
3. kl. 13:00-14:00 Eldvarnir. (Jón Ásberg Salómonsson)
4. kl. 14:00-15:00 Lög og reglur. (Svavar Pálsson)
5. kl. 15:30-16:00 Samskipti



Það er mikilvægt fyrir dyraverði að kunna réttu handtökin. Þessi mynd er tekin á síðasta dyravarðanámskeiði sem haldið var á vegum stéttarfélaganna og lögreglunar á Húsavík.

Styrkir til náms vegna almennra ökuréttinda.

Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt sem Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis á aðild að hafa samþykkt að styrkja nám til almennra ökuréttinda frá 1. janúar 2008 (ath. prófum lokið eftir þann tíma). Hver félagsmaður getur einungis sótt um slíka styrki einu sinni og hámarksupphæð er sú sama og hámarksupphæðir sjóðanna eru hverju sinni sem eru í dag kr. 60.000,- hjá Ríkismennt og Sveitamennt og kr. 50.000,- hjá Landsmennt. Aldrei er þó greitt meira en 75% af kostnaði.

Upphæð styrkja tekur mið af félagsgjaldi á síðasta almanaksári og reglum viðkomandi fræðslusjóða. Full réttindi skapast ef félagsgjald er kr. 14.800,- eða meira. Félagsmenn sem greiða lægra félagsgjald eiga rétt á hlutfallslegum rétti m.v. greitt félagsgjald. Til þess að eiga rétt á þessum styrkjum þurfa menn að vera fullgildir félagar í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis auk þess að vera starfandi þegar þeir stunda námið og hafa gert það í 6 mánuði eða lengur áður en námi lýkur.

Skólastjórnendur!

Ef þið hafið áhuga á að fá fulltrúa stéttarfélaganna í heimsókn í skólana eruð þið vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna. Stéttarfélagin hafa átt mjög ánægjulegt samstarf við skólana á svæðinu og komið með fræðslu inn í þá um starfsemi stéttarféлага og um atvinnulífið í Þingeyjarsýslum.

Námskeið fyrir dyraverði

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis í samstarfi við lögreglu stendur fyrir dyravarðanámskeiði í sal stéttarfélaganna á Húsavík laugardaginn 5. apríl. Skráning á námskeiðið stendur yfir til 15. mars. Námskeiðsgjald er kr. 7.000,-. Fullgildir félagsmenn í verkalýðsfélaginu fá 75% af þessari upphæð endurgreidd úr fræðslusjóði. Námskeiðið er opið

utanfélagsmönnum en þeir greiða fullt gjald kr. 7.000,-. Hægt er að fá frekari upplýsingar á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Dagskrá:

1. kl. 10:00-10:15 Setning námskeiðsins. Kjarasamningsbundin réttindi dyravarða. (Aðalsteinn Á. Baldursson)



Fullgildir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis sem sækja nám til almennra ökuréttinda eiga nú rétt á styrkjum frá félaginu enda séu þeir greiddendur og hafi verið það síðustu 6 mánuði áður en ökuþrófið er tekið.

Nýtt

Ríkisstarfsmenn vilja hærri laun

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis stóð fyrir könnun meðal félagsmanna sem starfa hjá ríkinu varðandi áherslur þeirra í komandi kjarasamningum. Samningurinn rennur út 31. mars n.k. Helstu hópar ríkisstarfsmanna sem eru í verkalýðsfélaginu eru starfsmenn sem starfa hjá opinberum stofnunum við ræstingar, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Skógræktinni á Vöglum, Vegagerðinni og við veðurmælingar á svæðinu. Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis mun í samstarfi við önnur stéttarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands leggja fram sameiginlegar kröfur gagnvart ríkinu. Fundað verður með fulltrúum ríkisins á næstu vikum. Vonandi tekst að ljúka samningaviðræðum sem fyrst. Samkvæmt könnun félagsins vilja félagsmenn sem starfa hjá ríkinu leggja höfuð áherslu á eftirfarandi atriði í komandi kjaraviðræðum við ríkið:

- Laun starfsmanna verði hækkuð verulega.
- Vaktaálag á næturvaktir verði

hækkað sérstaklega.

- Helgar- og stórhátíðarálag verði hækkað.
- Dögum vegna veikinda barna verði fjölgað.
- 100% starf í vaktavinnu þýði 90% vinnuskil.
- Starfsmenn fái skýrar starfslýsingar, ekki síst starfsmenn við ræstingar.
- Starfsreynsla hjá öðrum atvinnurekendum verði metin hjá ríkinu.
- Veðurathugunarmenn hafi sömu möguleika á launahækkunum og aðrir starfsmenn ríkisins.
- Samningstími verði 2 ár.

Verkalýðsfélagið þakkar þeim félagsmönnum sem höfðu samband og komu sínum áherslum á framfæri við félagið. Ykkar skoðunum verður komið á framfæri við Samninganefnd ríkisins.



Jónína ráðin til Vinnumálastofnunar

Jóhanna Sigurðardóttir starfsmaður Vinnumálastofnunar á Húsavík er farin í fæðingarorlof í eitt ár. Í hennar stað hefur Jónína Hermannsdóttir verið ráðin í 50% starf. Skrifstofan sem er að Garðarsbraut 26 á

Húsavík verður opin alla virka daga frá kl. 10:00 til 14:00. Jónína verður einnig áfram í starfi hjá Skrifstofu stéttarfélaganna. Þar hefur hún verið í 75% starfi en verður næsta árið í 50% starfi.



Jónína tekin við skrifstofu Vinnumálastofnunar á Húsavík. Hér er hún ásamt Arnari sem starfar hjá Vinnumálastofnuninni á Akureyri.

Loðnufrysting á Þórshöfn

Hér koma nokkrar myndir sem teknar voru á Þórshöfn þegar starfsmenn Hraðfrystistöðvar Þórshafnar unnu við loðnufrystingu á dögum. Því miður hafa verið að berast mjög slæmar fréttir af loðnustofninum og hafa veiðar því

verið stöðvaðar. Stoppið kemur mjög illa við starfsmenn sem reiknað höfðu með þökkalegri loðnuvertíð í vetur. Þá má geta þess að nú er í byggingu ný frystigeymsla á Þórshöfn sem taka á nokkur þúsund tonn af afurðum.



Daglegar fréttir sem koma öllum við.
Skoðu heimasíðu stéttarfélaganna

www.vh.is

Stéttarfélögin
í Þingeyjarsýslum



Breytingar á starfsmati

Starfsmenn sveitarfélaga sem eru félagar í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis og Starfsmannafélagi Húsavíkur vinna flestir eftir svokölluðu starfsmati sem verið hefur í notkun frá árinu 2004. Starfsmat er kerfi sem miðast við að raða starfsfólki í launaflokka eftir umfangi starfa þar sem m.a. er tekið tillit til ábyrgðar á fólki, búnaði og fjármunum, líkamlegra og hugrænna krafna auk fleiri þátta.

Í janúar 2007 hófst vinna við endurskoðun á starfsmatinu á landsvísi og sá starfsfólk Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík um framkvæmd hennar í sveitarfélögum Norðrþingi, Skútustaðahreppi, Píngeyjarsveit, Aðaldælahreppi auk þess að koma að endurskoðun starfsmatsins hjá Langanesbyggð. Vinnan fólst í því að yfirfara öll störf sem unnin eru hjá sveitarfélögum til að meta hvort að þeim sé rétt raðað í starfsmatinu og þar af leiðandi hvort verið sé að greiða laun í samræmi við umfang starfanna. Afkrasturinn var sá að tekin var ákvörðun um að óska eftir því að 16 störf yrðu tekin til endurskoðunar hjá Launaneftnd sveitarfélaganna. Þegar litið er til landsins í heild bárust um 200 beiðnir um endurskoðun og varð niðurstaðan sú að í 30 tilfellum samþykkti Launaneftndin breytingar á störfum og að auki urðu til 15 ný starfsheiti.

Hér má sjá lista yfir þau störf sem breyttust og urðu til við endurskoðunina og verið er að vinna eftir í sveitarfélögum á svæði Skrifstofu stéttarfélaganna. Í vinstri dálknum kemur fram launaflokkur og eingreiðsla sem greidd var fyrir viðkomandi starf (til 31. desember 2007). Í hægri dálknum er um að ræða launaflokk og eingreiðslu eftir breytinguna (frá 1. janúar 2008). Full eingreiðsla miðast við 100% starf en greitt er hlutfallslega fyrir hlutastarf.

Breytt störf

Starfsheiti	Til 31.12.2007		Frá 1.1.2008	
	Lfl.	eingr.	Nýr lfl.	Ný eingr.
Bókavörður II	121	4.000 kr.	124	3.000 kr.
Deildarstjóri heimaþjónustu	127		130	
Forstöðumaður				
Íþróttamannvirkis IV	133	135		
Forstöðumaður				
æskulýðsmiðstöðvar II	140	144		
Forstöðumaður				
æskulýðsmiðstöðvar III	135	137		
Garðyrkjufraeðingur I	129		135	
Garðyrkjufraeðingur II				
(með flokksstjórn)	133	140		
Matráður I	117	2.000 kr.	119	6.000 kr.
Matráður II	121	4.000 kr.	122	3.000 kr.
Skólaritari I	118	4.500 kr.	119	6.000 kr.
Starfsm. í leiksk.				
með stuðning	120	4.500 kr.	121	4.000 kr.
Starfsmaður á				
sambýli aldraðra IV	123	3.000 kr.	122	3.000 kr.
Starfsmaður á				
sambýli fatlaðra II	123	3.000 kr.	124	3.000 kr.
Starfsmaður á				
sambýli fatlaðra III	126	2.000 kr.	129	
Starfsmaður í þvottahúsi	115		116	
Starfsmaður við				
dagvist aldraðra/aðhlyning	119	6.000 kr.	120	4.500 kr.
Stuðningsfulltrúi I				
(grunnskóli)	122	3.000 kr.	124	3.000 kr.
Stuðningsfulltrúi II				
(grunnskóli)	124	3.000 kr.	127	2.000 kr.
Sundlaugarvörður I	119	6.000 kr.	120	4.500 kr.
Sundlaugarvörður II				
(með vaktstjórn)	120	4.500 kr.	121	4.000 kr.
Tækjamaður II	122	3.000 kr.	124	3.000 kr.
Umönnun á hjúkrunarheimili I	121	4.000 kr.	122	3.000 kr.
Umönnun á				
hjúkrunarheimili II	122	3.000 kr.	123	3.000 kr.
Verkamaður I	116		115	
Verkamaður II	119	6.000 kr.	117	2.000 kr.
Verkamaður III				
(með flokksstjórn)	122	3.000 kr.	123	3.000 kr.
Verkamaður við sörpmóttöku	117	2.000 kr.	118	4.500 kr.
Yfirumsjón með				
lengdri viðveru I	126	2.000 kr.	130	
Yfirumsjón með				
lengdri viðveru II	137		140	

Hér er listi yfir störf sem urðu til við endurskoðunina ásamt launaflokki og eingreiðslu (frá 1. jan 2008).

Ný störf		
Starfsheiti	Launafl.	Eingr.
Bæjarverkstjóri/Áhaldahús II	145	
Æskulýðs- og tómst.fulltrúi I	146	
Æskulýðs- og tómst.fulltrúi II	152	
Forstöðumaður félagsstarfs aldraðra	128	2.000 kr.
Starfsmaður við félagsstarf aldraðra	120	4.500 kr.
Hafnarvörður/hafnsögumaður II	135	
Starfsm. í leiksk. með stuðning III	125	3.000 kr.
Gjaldkeri / innheimtufulltrúi III	132	
Ritari bæjarstjóra	131	
Skjalavörður	124	3.000 kr.
Fulltrúi á skrifstofu I	124	3.000 kr.
Fulltrúi á skipulags- og byggingadeild	134	

Félagsmenn fá hærri styrki vegna aukinna ökuréttinda

Fræðslusjóðurinn Landsmennt 100.000,-. Hækkunin tók gildi um síðustu áramót. Fullgildir sem Verkalýðsfélag Húsavíkur um síðustu áramót. Fullgildir og nágrennis á aðild að fyrir hönd félagsmanna hefur samþykkt Húsavíkur og nágrennis eiga því að hækka styrki vegna aukinna rétt á góðum styrk eða kr. 100.000,- ökuréttinda úr kr. 81.000,- í kr. vilji þeir ná sér í meirapróf.

Kjarasamningur sjómanna samþykktur og felldur

Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélagsins var haldinn í lok desember. Um 80 sjómenn eru í deildinni. Á fundinum var farið yfir venjuleg aðalfundarstörf auk þess sem nýr kjarasamningur Landssambands smábátasjómanna og Sjómannasambands Íslands var tekinn til afgreiðslu. Fundarmenn fögnuðu samningnum enda ekki verið til kjarasamningur fyrir smábátasjómenn fram að þessu. Smábátasamtökin hefur verið mjög vaxandi á félagssvæðinu og því töldu fundarmenn mikilvægt að í gildi væri samningur um kjör og réttindi smábátasjómanna. Eftir umræður um samninginn var hann samþykktur samhljóða. Þrátt fyrir að hlúðskír sjómenn hafi samþykkt kjarasamninginn öðlast hann ekki gildi þar sem atvinnurekendur, það er smábátasjómenn hafa felld samninginn hringinn í kringum landið. Afstaða smábátasjómanna til samningsins eru mikil vonbrigði þar sem það gengur ekki upp að ekki sé í gildi kjarasamningur fyrir smábátasjómenn sem starfa hjá útgerðum sem gera út smábáta. Það er von Verkalýðsfélagsins að samningar takist og sem fyrst komist á kjarasamningur. Þá má geta þess að Jakob Gunnar Hjaltalín var kjörinn formaður deildarinnar en hann hefur verið formaður undanfarin ár. Aðrir í stjórn eru, Haukur Hauksson, Stefán Hallgrímsson, Björn Viðar og Matthías Sigurðsson.



Matthías Sigurðsson sem er mikill heiðursmaður og stundað hefur sjómennsku til fjölda ára var að sjálfsgöðu mattur á fundinn. Matthías hefur í gegnum tíðina komið á flesta aðalfundi Sjómannadeildarinnar.

Gleðistund í desember

Stéttarfélögin í Pingeyjarsýslum voru með opið hús að venju, einn laugardag í desember. Um 300 manns litu við og báðu veitingar og hlustuðu á metnaðarfulla

menningardagskrá með söng og tónlist. Stéttarfélögin þakka öllum þeim sem litu við fyrir komuna og þeim sem komu fram og skemmtu fyrir þeirra framlag.



Hreinn Jónsson sigraði

Hreinn Jónsson sigraði í jólakrossgátu stéttarfélaganna sem var í síðasta Fréttabréfi og fékk hann vegleg verðlaun. Á annað hundrað manns skiluðu inn krossgátunni. Eftirfarandi aðilar fengu verðlaun fyrir krossgátuna frá stéttarfélögunum:

- Pingeyjarsveit
1. verðlaun: Leifur Jósefsson, Húsavík
 2. verðlaun: Ingvaldur Árnadóttir, Húsavík
 3. verðlaun: Guðrún Sigurðardóttir, Aðaldal

1. verðlaun: Hreinn Jónsson, Húsavík
2. verðlaun: Friðrik Steingrímsson

Stéttarfélögin þakka öllum þeim fjölmörgu sem skiluðu inn getrauninni fyrir þátttökuna.



Heimsókn í leikskóla

Fulltrúar stéttarfélaganna komu við á leikskólanum Grænuvöllum á Húsavík og tóku meðfylgjandi

myndir. Þar var mikið líf og fjör í nýjum og glæsilegum leikskóla.



Auglýsing um stjórnarkjör í Verkalýðsfélagi Þórshafnar fyrir starfstímabilið 2008 – 2009

Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Þórshafnar hefur lagt fram lista um félagi á trúnaðarstöður fyrir næsta starfsár. Tillagan var auglýst í janúar. Félagsmönnum er heimilt að koma með aðrar tillögur samkvæmt lögum félagsins og þurfa þær að hafa borist skrifstofu félagsins á Þórshöfn fyrir 10. mars 2008.

Aðalstjórn:

Kristinn Lárusson formaður
Kristín Kristjánsdóttir varaformaður
Hulda I. Einarsdóttir ritari
Sigríður Jónsdóttir gjaldkeri
Sigfús Kristjánsson meðstjórnandi

Vinnustaður:

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Dvalarheimilið Naust
Leikskólinn Barnaból
Geir PH 150

Til vara:

Svala Sævarsdóttir
Kristín Alfreðsdóttir
Þórður Úlfarsson
Guðrún Þorleifsdóttir
Guðmundur Jóhannsson

B.J. vinnuvélar
Húsmóðir
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Samkaup
Geir PH 150

Sjúkrasjóður:

Kristinn Lárusson
Líney Sigurðardóttir
Svala Sævarsdóttir

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Lyfja
B.J. vinnuvélar

Til vara:

Kristín Kristjánsdóttir
Jón Viðar Brynjólfsson

Verkalýðsfélag Þórshafnar
Samkaup

Trúnaðarráð:

Dóra Leósdóttir
Kristín Óladóttir
Svanur Snæþórsson
Albert Sigurðarson
Björg Þoroddsdóttir

Húsmóðir
Grunnskólinn á Þórshöfn
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Þistill.
Dvalarheimilið Naust

Til vara:

Sigurborg Hulda Sigurðardóttir
Lilja Ólafsdóttir
Margrét E. Nielsdóttir
Hrafnhildur Þorleifsdóttir
Aðalbjörn Arnarsson

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Grunnskólinn á Þórshöfn
Veitingastofan Marísa
Sparisjóður Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Kjörstjórn:

Dagbjört Aradóttir
Eypör Jónsson

Skrifstofa Langanesbyggð
Íþróttamiðstöðin Verið

Til vara:

Aðalbjörg Jónasdóttir
Niels Þoroddsdóttir

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Orlofsjóður:

Stjórn Verkalýðsfélagsins hverju sinni.

Félagskjörnir endurskoðendur:

Jóhanna Helgadóttir
Elfa Benediktsdóttir

SJ bókhaldsþjónusta ehf.
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Til vara:

Sólveig Óladóttir

SJ bókhaldsþjónusta ehf.

Verslunar- og skrifstofufólk

Félagfundur um nýgerðan kjarasamning

Almennur félagsfundur verður haldinn um nýgerðan kjarasamning Verslunarmannafélags Húsavíkur, í Skipasmiðastöðinni á Húsavík fimmtudaginn 28. febrúar kl. 20:00. Léttar veitingar verða í boði félagsins.

Á fundinum verður kynntur nýgerður kjarasamningur fyrir verslunar- og skrifstofufólk við Samtök atvinnulífsins. Samninginn og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vef félagsins www.vh.is og á skrifstofu félagsins sími 464-6600.

Stjórn VHN fundaði með forsvarsmönnum Alcoa

Tómas Már Sigurðsson forstjóri Fjarðaáls á Reyðarfirði og Kristján P. Halldórsson verkefnisstjóri samfélagsmála hjá Alcoa á Norðurlandi funduðu nýlega með stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágreinis um hugsanlega álversuppbyggingu á Bakka við Húsavík. Fundurinn var haldinn að frumkvæði VHN sem óskaði á dögum eftir fundi með fulltrúum Alcoa á Íslandi til að ræða þessi mál. Á fundinum kynnti Aðalsteinn Á. Baldursson formaður VHN starfsemi

verksmiðjan komin í full afköst. Hjá Fjarðaáli starfa 400 manns, þar af krefjast fjölmörg störf háskóla- og iðnmenntunar. Þess má geta að þegar störfín voru auglýst bárust um þrjú þúsund innlendar umsóknir. Til viðbótar þeim sem starfa hjá Fjarðaáli eru fjölmörg fyrirtæki að sinna verkefnum í kringum álvinnslna og eru á hverjum degi um 600 manns í mat í mótuneyti Fjarðaáls.

Mikil áhersla er lögð á starfs-
mannamál hjá fyrirtækinu og fá



Vel fjar á með stjórnarmönnum VHN og fulltrúum Alcoa á fundinum.

félagsins og jákvæða afstöðu þess til uppbyggingar orkufreks iðnaðar á svæðinu. Tómas og Kristján fóru yfir starfsemi Alcoa á Íslandi og þá undirbúningsvinnu sem farið hefur fram vegna uppbyggingar álvers við Húsavík. Í máli þeirra kom fram að orkuöflun og orkuverð skiptu verulegu máli varðandi ákvarðanatöku um byggingu álvers. Að auki kom fram að Alcoa liti á jákvæða afstöðu heimamanna sem mjög mikilvæga forsendu fyrir mögulegri uppbyggingu álvers á Bakka og jafnframt að Alcoa leggur mikla áherslu á mat á samfélags- og umhverfisáhrifum.

Nokkuð var rætt um orkumál á fundinum og kom fram að sú orka sem búið er að tryggja með borunum á háhitasvæðum í Pingeyjarsýslum væri nú þegar orðinn grundvöllur fyrir uppbyggingu iðnaðar á svæðinu og Alcoa vinnur ötullega að því að kanna hagkvæmni þess að nýta orkuna við álframleiðslu á Bakka. Þó væri enn að mörgu að hyggja áður en að endanleg ákvörðun um uppbyggingu lægi fyrir.

allir nýir starfsmenn yfirgripsmikla þjálfun til að geta sinnt þeim fjölbreyttu störfum sem sinna þarf í fyrirtækinu. Að auki bjóðast þeim sem flytja á svæðið til að vinna hjá fyrirtækinu ýmsir styrkir og aðstoð til að auðvelda flutninginn. Fyrir liggur að mikil vinna er eftir áður en ákvörðun verður tekin um uppbyggingu álvers á Bakka. Meðan ekki liggur fyrir hversu mikil orka er virkjanleg á háhitasvæðum í Pingeyjarsýslum og mati á umhverfis- og samfélagsáhrifum ekki lokið hefur Alcoa ekki forsendur til að taka endanlega ákvörðun um framhaldið. Stjórnarmenn voru almennt sáttir við fundinn og þökkðu Tómas og Kristján kærlega fyrir góðar móttökur um leið og þeir óskuðu eftir góðu samstarfi við félagið. Buðu þeir stjórn félagsins í skoðunarferð til Reyðarfjarðar til að skoða starfsemi fyrirtækisins á staðnum. Sáu báðir aðilar fyrir sér gott samstarf í framtíðinni.

**Stéttarfélagin skora á
félagsmenn að greiða
atkvæði um nýgerða
kjarasamninga, þitt
atkvæði skiptir máli.**

Fjarðaráll

Nú er starfsemi í álveri Alcoa á Reyðarfirði komin vel á veg og má gera ráð fyrir því að í mars verði

Úrvals öskudagur

Margir tóku öskudaginn hátíðlegan og klæddu sig upp á í tilefni dagsins. Í versluninni Samkaup Úrval á Húsavík tók starfsfólkið sig til og mátti sjá ýmsar fígúrus sveima um gólf verslunarinnar, allt frá sköguntenntum sjóræningjum til vígalegra varúlfra. Til að leyfa öðrum að njóta herlegheitanna

sendu þau okkur meðfylgjandi myndir. Við viljum hvetja alla þá sem eiga skemmtilegar myndir frá sínum vinnustað að senda okkur í tölpósti á snabbi@vh.is eða kuti@vh.is og munu þær birtast á heimasíðunni og jafnvel í Fréttabréfi stéttarfélaganna.



Fundað með innflytjendum

Á fjórða tug erlendra starfsmanna voru á fundi sem Þekkingarsetur Pingeyinga og Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis boðuðu til í janúar. Um var að ræða kynningarfund á námskeiðsframboði fyrir innflytjendur á svæðinu í

vetur og kynningu á starfsemi Verkalýðsfélagsins. Túlkað var á pólsku og ensku. Þekkingarsetrið og Verkalýðsfélagið munu í vetur bjóða erlendum starfsmönnum upp á íslenskunámskeið og 120 stunda Landnemaskóla.



Mikill áhugi er hjá erlendum starfsmönnum að læra íslensku. Verkalýðsfélagið og Þekkingarsetrið hafa unnið markvisst að því að efla íslenskukunnáttu þeirra. Menntamálaráðuneytið kostar námskeiðin að mestu.

Mikið sungið á öskudaginn

Um 400 börn komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna á Öskudaginn og myndir sem teknar voru við það tækifæri.



Nýr kjarasamningur verslunarmanna

-markmiðin eru hækkun lægstu launa, trygging launapróunar og aukin orlofsréttindi

Pann 17. febrúar s.l. var undirritaður kjarasamningur milli Landsambands íslenskra verslunarmanna og Samtaka atvinnulífsins sem Verslunarmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar eiga aðild að.

Í þessum kjarasamningi er sérstaklega tekið tillit til þeirra félagsmanna sem setið hafa eftir í launum í launaskriði undanfarinna ára.

Frá 1. febrúar hækka taxtar að lágmarki um kr. 18.000 en auk þess er þeim sem fá greidd laun umfram taxa tryggð 5,5% launapróunartrygging miðað við janúar 2007.

Hækkun á lágmarkslaunum nemur 32% á samningstímanum. Samningurinn kveður á um að lágmarkslaun verði kr. 165.000,- árið 2010. Orlofsdögum fjölga og verða að hámarki 30 á ári í stað 28 áður. Þá hækka iðgjald vinnuveitenda í starfsmenntasjóð úr 0,15% í 0,20%. Hér að neðan eru helstu atriði kjarasamningsins, sem hægt er að nálgast í heild sinni inn á heimasíðu Verslunarmannafélags Húsavíkur www.vh.is eða á skrifstofu félagsins.

• Launahækkanir

Launahækkanir hjá verslunarfólki á samningstímanum eru sem hér segir:

	Taxtahækkun	Annað:
1. febrúar 2007	kr. 18.000,-	5,5% launapróunartrygging
1. mars 2009	kr. 13.500,-	3,5% launapróunartrygging
1. janúar 2010	kr. 6.500,-	2,5% almennar launahækkanir

Launataxti þeirra sem eru með 5 ára starfsreynslu í verslunum hækka um kr. 20.000,- þann 1. febrúar 2007 í stað kr. 18.000,-

Launahækkanir hjá skrifstofufólki á samningstímanum eru sem hér segir:

	Taxtahækkun	Annað:
1. febrúar 2007	kr. 21.000,-	5,5% launapróunartrygging
1. mars 2009	kr. 17.500,-	3,5% launapróunartrygging
1. janúar 2010	kr. 10.500,-	2,5% almennar launahækkanir

• Sérstök hækkun lægstu launa

Í aðdraganda kjarasamninga var samhljómur innan Alþýðusambands Íslands um að leggja bæri áherslu á hækkun lægstu launa í þessum samningum. Árangurinn er sá að lægstu launin samkvæmt töxtum eru hækkuð um 32% á samningstímanum.

• Launapróunartrygging

Samið var um launapróunartryggingu, sem einnig er kallað baksýnispegill. Á þessu ári er tryggingin 5,5% fyrir þá sem voru í starfi hjá sama atvinnurekanda frá janúar 2007 til janúar 2008. Þetta þýðir að ef laun hafa ekki hækkað um 5,5% á tímabilinu hækka þau um þá prósentu frá 1. febrúar 2008. Ef launin hafa hækkað minna en 5,5% á tímabilinu hækka þau um það sem uppá vantar til að ná 5,5% tryggingunni. Ef launin hafa hins vegar hækkað um meira en 5,5%, verður ekki frekari hækkun samkvæmt samningnum. Þeir sem hófu störf hjá vinnuveitanda sínum frá 2. janúar – 30. september 2007 fá á sama hátt 4,5% launapróunartryggingu. Þann 1. mars 2009 verður launapróunartryggingin 3,5%.

• Uppbætur hækka

Desember- og orlofsuppbætur hækka, árið 2008 verður desemberuppbót kr. 50.000 og orlofsuppbót kr. 18.400.

• Lengra orlof

Orlofsdögum fjölga í 30 daga hjá þeim sem hafa unnið í sama fyrirtæki í 10 ár. Þetta ákvæði kemur til framkvæmda frá og með árinu 2009 en í ár er orlofið 29 dagar hjá þessum starfsmönnum. Þeir sem hafa unnið í 5 ár hjá sama fyrirtæki fá 26 orlofsdaga í ár og 27 á næsta ári.

• Launaviðtöl

Skerpt er á rétti launafólks til launa- og starfsmannaviðtala, óski starfsmaður eftir viðtali skal það veitt innan tveggja mánaða.

• Viðtækari slysatryggingar

Slysatrygging er viðtækari í þessum samningi en þeim fyrri. Vátryggingin nær m.a. til 18 ára barna í stað 17 ára áður og nær hún nú í fyrsta skipti til „ungmenna“ á aldrinum 18-22 ára sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans. Vátryggingin gildir í ferðum á vegum atvinnurekanda innanlands og utan og nær einnig til slysa sem verða við íþróttaiðkun. Örorku- og dánarbætur hækka mikið.

• Veikindi barna

Veikindadagar vegna veikinda barna verða 12 á ári.

• Starfsmenntasjóður eflur

Framlag vinnuveitenda í starfsmenntasjóð hækka úr 0,15% í 0,20%.

• Endurhæfingarsjóður

Nýr endurhæfingarsjóður verður settur á laggimar og munu atvinnurekendur greiða til hans 0,13% af launum.

Atkvæðagreiðsla á netinu!

Verslunarmannafélag Húsavíkur hefur ákveðið að atkvæðagreiðsla um nýgerðan kjarasamning fari fram á netinu. Félagsmenn fá sendar nákvæmar leiðbeiningar og lykilorð sem veita aðgang að atkvæðagreiðslunni. Félagsmönnum geta þá greitt atkvæði í tölvunni heima hjá sér, í vinnunni eða hjá nágrannanum. Félagsmenn geta einnig komið á skrifstofu

félagsins að Garðarsbraut 26 Húsavík og greitt atkvæði þar eða hringt í síma 464-6600 og fengið tæknilega aðstoð.

Þeir félagsmenn sem telja sig hafa atkvæðisrétt en fá ekki send lykilorð eru hvattir til að hafa samband við skrifstofuna.

Atkvæðagreiðslunni lýkur klukkan 12 á hádegi þann 11. mars.

Flestir segjast ætla að koma aftur

Vísir á Húsavík hefur boðað 5 mánaða stopp í sumar, það er frá 1. maí til 30. september.

Ljóst er að lokunin kemur illa við starfsmenn sem verða fyrir miklum tekjumissi. Þar sem vinnustaðurinn er auk þess mjög stór á húsvísan mælikvarða mun lokunin einnig hafa víðtæk áhrif á aðra atvinnustarfsemi í bænum. Verkalýðsfélagið boðaði til fundar með starfsmönnum fyrirtækisins og fulltrúum Vinnumálastofnunar, Þekkingarseturs Pingeyinga og rekstrarstjóra Vísis á Húsavík. Farið var yfir ýmsa þætti er varða málefni starfsmanna og stöðu þeirra við tímabundna lokun fyrirtækisins.

Þrátt fyrir að lokunin sé mun lengri en starfsmenn höfðu reiknað með sögðust flestir þeirra ætla að koma aftur til starfa hjá fyrirtækinu í haust. Formaður Verkalýðsfélagsins fagnaði því sérstaklega enda hefði fyrirtækið góðu fólki á að skipa. Í máli Íslendinganna kom fram að nokkrir þeirra hafa þegar fengið sumarvinnu, aðrir eru að skoða sín mál. Erlendu starfsmennirnir ætla hins vegar flestir heim til Póllands í vor og koma síðan aftur til Húsavíkur í haust. Hópurinn í heild telur um 50 starfsmenn þar af eru 36 erlendir.



Helena Karlsdóttir forstöðumaður Vinnumálastofnunar Norðurlands eystra fer hér yfir réttindi erlendra starfsmanna í atvinnuleysi.

Konur fengu blóm á konudaginn

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis hefur hafið kynningu á nýgerðum kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands. Fyrstu fundirnir voru síðasta

sunnudag á sjálfan konudaginn en þá boðaði félagið til tveggja félagsfunda á Húsavík. Í tilefni dagsins fengu allar konur sem mættu á félagsfundina þ.e. tæplega fjórutíu konur blóm frá félaginu.





KEA GREIÐSLUKORTIÐ

- og þú færð afsláttinn strax!

Sparisjóðurinn og KEA bjóða þér nýtt **KEA greiðslukort**, **debetkort** og/eða **kreditkort**, sem veitir þér veglegan afslátt í 63 verslunum á Norðurlandi og um land allt. Það eina sem þú þarft að gera er að vera eða gerast félagsmaður KEA og stofna til viðskipta við Sparisjóðinn.



Kynntu þér málið hjá þjónustufulltrúum okkar og fáðu meira út úr kortinu þínu!


SPARISJÓÐUR
ÞÓRSHAFNAR OG NÁGRENNIS


SPARISJÓÐUR
Suður-Þingeyinga


K E A

NÝTTU ÞÉR STIGHÆKKANDI VEXTI

HELSTU KOSTIR VAXTAÞREPS:



ÖRUGG OG GÓÐ
ÁVÖXTUN

STIGHÆKKANDI
VEXTIR

VEXTIR GREIDDIR
MÁNAÐARLEGA

Vaxtaþrep er sparnaðarreikningur sem býður
upp á **háa og örugga** ávöxtun.

Kynntu þér málið á **www.glitnir.is**, í næsta
útibúi eða í þjónustuveri í síma **440 4000**

GLITNIR